

SAMTÖK SJÁVARÚTVEGSSVEITARFÉLAGA

Nefndarsvið Alþingis
b.t. Kristjönu Benediktsdóttur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 25. febrúar 2013
1302044SA
Málalykill: 565

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1734
komudagur 25.2.2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga, sem stofnuð voru haustið 2012, eru samtök þeirra sveitarfélaga sem hafa beinna hagsmuna að gæta varðandi nýtingu sjávarauðlindarinnar, í veiðum og vinnslu, og er tilgangur samtakanna að vinna að sameiginlegum hagsmunum aðildarsveitarfélaga og íbúa þeirra. 26 sjávarútvegssveitarfélög eru aðilar að samtökunum.

Það frumvarp sem nú hefur verið sent til umsagnar um stjórn fiskveiða byggir að stórum hluta á frumvarpi um stjórn fiskveiða sem fram kom sl. vor. Mörg sveitarfélög sendu inn umsögn um þau frumvörp er vörðuðu sjávarútveginn og þá lágu fyrir; það er frv. um stjórn fiskveiða, mál nr. 657 og frv. um veiðigjöld, mál nr. 658. Sveitarfélögin höfðu takmarkaðar forsendur til að meta áhrif frumvarpanna á sveitarfélög, þ.m.t. tekjur þeirra, en nokkur þeirra fengu til þess sérfróða aðila. Slíkar úttektir voru gjarnan fylgisskjöl með umsögnum sveitarfélaga um fyrrgreind þingmál og eru því aðgengilegar í gagnasafni Alþingis. Það sem þessi álit áttu sameiginlegt var að breytingar í þá veru sem boðaðar voru mundu hafa mikil fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin. Þá gekk það eins og rauður þráður í gegnum umsagnir sveitarfélaganna að þess var óskað að áður en ráðist yrði í breytingar sem augljóslega gætu haft víðtæk áhrif á stöðu fyrirtækjanna, stöðu fólksins sem þar vinnur og á stöðu sveitarfélaganna, yrðu þau áhrif könnuð svo fyrir lægi hvers væri að vænta og hvernig mætti bregðast við. Það hefur ekki verið gert og í fyrirliggjandi frumvarpi er ekki leyst úr þeim fjölmörgu ágöllum sem sveitarfélögin bentu á.

Það er ljóst að sérstaka veiðigjaldið sem samþykkt var að leggja á sl. vor mun hafa margvísleg áhrif á sjávarútveginn og þar með sjávarbyggðir. Sú mikla hagræðingarkrafa sem felst í töku sérstaka veiðigjaldsins mun m.a. stuðla að sameiningu fyrirtækja og fækkun starfa í sjávarútvegi. Sérstaka veiðigjaldið dregur einnig úr getu fyrirtækjanna til fjárfestinga sem bæði hefur áhrif í byggðunum og á greinina sjálfa til framtíðar. Þessi þróun kallar síðan fækkun starfa og þá fækkun íbúa í sjávarbyggðum með þekktum afleiðingum. Sjávarbyggðir hafa undanfarna áratugi þurft að taka á sig afleiðingar mikillar hagræðingar í greininni og þar með fækkun starfa í sjávarútvegi, bæði vegna tækniframfara og breytinga á lagaumgjörð greinarinnar. Vísbendingar eru um að þær breytingar sem óbreytt veiðigjald muni hafa í för með sér vinni gegn mikilvægri fjölbreytni í sjávarútvegi og að fyrirtækin verði færri og stærri. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga hafa því gert kröfu til þess að þau

sveitarfélög sem háð eru veiðum og vinnslu fái hluta sérstaka veiðigjaldsins til að bregðast við atvinnubresti og breytingum af völdum þeirrar hagræðingar sem af því hlýst. Sama ætti við um ráðstöfun tekna sem aflað yrði við ráðstöfun aflamarks úr Flokki 2, sbr. 2. mgr. 19. gr. frv.

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga telja mjög mikilvægt að áður en ráðist er í frekari breytingar á umgjörð sjávarútvegs verði áhrif sérstaka veiðigjaldsins skoðuð og metin, bæði áhrif á einstaka útgerðarflokka og á sveitarfélög. Ljóst er að áhrif sérstaka veiðigjaldsins eru rétt að byrja að koma fram. Einnig er mikilvægt að áhrif ákvæða frumvarps um stjórn fiskveiða, mál 570, m.a. skerðingarákvæði frumvarpsins s.s. ákvæði til bráðabirgða II, verði skoðuð í samhengi við töku sérstaka veiðigjaldsins því með þeim er augljóslega enn aukið á þá hagræðingarkröfu sem sett var á fyrirtækin með setningu þess.

Hætt er við að ákvæði frumvarpsins um hin miklu völd ráðherra varðandi ýmsa þætti í Flokki 2 kalli sífellt á umræðu og átök, m.a. á Alþingi, um þann hluta útvegsins. Þetta getur ógnað stöðugleika í sjávarbyggðum og öryggi þess fólks sem starfar í sjávarútvegi muni líða fyrir það sbr. m.a. 3. mgr. 18. greinar frv. þar sem ráðherra á „eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti“ að leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um meðferð og ráðstöfun aflahlutdeilda í Flokki 2.

Lítið hefur verið látið reyna á forkaupsréttarákvæði 12. gr. núgildandi laga, en ákvæði 13. greinar frv. um inngríp ráðherra virðist ætlað að leysa það af hólmi. Samtökin telja mikilvægt að ákvæði sem eiga að tryggja „farsæla samfélagsþróun og treysta atvinnu og byggð í landinu“ eins og segir um 13. grein frv. séu tryggilega frágengin í lögum. Hér er hinsvegar verið að færa vald til ákvörðunar um það hvort forgangs verður neytt alfarið frá sveitarfélögum til ráðherra. Samtökin vara við því að þessi ákvörðun verði alfarið í höndum ráðherra og telja hana betur komna hjá sveitarfélögum sem verði þá gert kleift að nýta hana með sama hætti og ráðherra, með hlutdeild í tekjum vegna aflamarks, sbr. 2. mgr. 19. gr. frv.

Þá er spurning hvort byggðatengdar aðgerðir eigi ekki í ríkari mæli að tengjast löndunar- og vinnsluskyldu í viðkomandi sveitarfélögum þar sem ljóst er að meiri byggðafesta fylgir fiskvinnslu en veiðum.


Í ljósi þessa hvetja Samtök sjávarútvegssveitarfélaga til þess að ofangreind atriði og áhrif þeirra verði skoðuð vandlega áður en breytingar verða lögfestar með það að leiðarljósi að auka öryggi starfsfólks og stöðugleika í sjávarbyggðum landsins.

Um strandveiðar, sbr. 20. grein frv. er lagt til að nú verði hægt að úthluta sóknardögum fyrir hvert fiskiskip og er sá ferill kunnuglegur, en eins og

kunnugt er hefur kerfið verið opnað nokkrum sinnum áður og þróunin jafnan verið sú að hið meinta frelsi hefur breyst í kvóta.

Sjávarbyggðir eiga mjög mikið undir því að friður getir ríkt um atvinnugreinina og að stöðugleiki í umgjörð hennar sé sem mestur. Það er því mikilvægt að stjórnvöld hafi það í huga þegar lög eru sett um þessa mikilvægu atvinnugrein.

Virðingarfyllt
SAMTÖK SJÁVARÚTVEGSSVEITARFÉLAGA



Valur Rafn Halldórsson
starfsmaður Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga